



Borgarráð

Bústaðavegur 151, lóðarvilyrði.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Slippfélaginu ehf. kt. 631209-1650, Dalvegi 18, 201 Kópavogi, lóðarvilyrði fyrir lóð við Bústaðaveg 151 sem heimilar byggingarrétt fyrir allt að 800 fermetra byggingu. Lóðavilyrðið er veitt með fyrirvara um samþykki deiliskipulags sem heimilar umrætt byggingarmagn og lóðafmörkun.

Greinargerð: Til grundvallar á verði byggingarréttarins þegar þar að kemur munu liggja tvö verðmöt fasteignasala sem munu leiðréttast í samræmi við útboðslóðir við hlið þessarar lóðar, enda fari slíkt útboð fram innan 5 mánaða frá gildistöku deiliskipulagsins. Ef útboð fer fram síðar gildir niðurstaða verðmata löggiltra fasteignasala.

Greiða skal kaupverðið innan 45 daga frá samþykkt borgarráðs um úthlutun lóðarinnar. Gatnagerðargjöld greiðast samkvæmt gjaldskrá Reykjavíkurborgar. Lóðavilyrði þetta er veitt án auglýsingar á lóðinni á grundvelli þess að verið er að greiða fyrir uppbyggingu í Vogahverfi 2. Nánari lóðaskilmálar verða settir í úthlutunarbréf og lóðarleigusamning.

Komi til þess að deiliskipulag taki ekki gildi fyrir umrædda lóð innan tveggja ára frá samþykki borgarráðs fyrir lóðarvilyrði þessu, fellur það niður. Sama gildir ef ekki er óskað eftir úthlutun lóðarinnar innan árs frá gildistöku deiliskipulags fyrir lóðina.

Hrólfur Jónsson